

# STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1999

20. júlí 1999

1553

Nr. 485

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 367, 28. maí 1999, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1999/2000.**

1. gr.

Í stað „36.000“ í 1. mgr. 3. gr. komi: 53.000.

2. gr.

Í stað „30“ í 1. ml. 1. mgr. 5. gr. komi: 35 og í stað „20“ í 2. ml. 1. mgr. 5. gr. komi: 25.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júlí 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

20. júlí 1999

Nr. 486

## REGLUGERÐ

**um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 1999, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.